

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1068  
komudagur 6.3.2009

Nefndarsvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
B.t. Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars, 2009

**Efni:** Umsögn FÍS um frumvarp til laga breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn, Veritas Vos Liberabit regla.

## I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 4. mars 2009 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn.

Í umræddu frumvarpi er lagt til að lögfest verði ákveðin Veritas Vos Liberabit regla í nokkra lagabálka. FÍS telur að umrætt frumvarp sé ágætis viðbót við þær reglur sem gilda á viðkomandi sviði og til þess fallið að hvetja aðila til að upplýsa FME um hugsanleg brot sín og eiga hlut í að upplýsa þau. Það er jákvætt að heimila að slík háttsemi leiði af sér ívilnandi meðferð og mildandi áhrif innan stjórnarsýslunnar. FÍS bendir hins vegar á að frumvarpið gengur nokkuð langt þegar það lætur FME eftir að ákveða hvort að brot eru kærð til lögreglu.

Í kjölfar þess hruns sem varð í íslensku fjármálakerfi hefur myndast ákveðin tilhneiging hjá stjórnvöldum til að setja nýjar réttarfarreglur til að taka á nýjum aðstæðum. Þegar rykið hefur hins vegar náð að falla til jarðar hefur orðið ljóst að það regluverk sem var til staðar er fullkomlega fært um að taka á þessum nýjum aðstæðum enda er það sem átt hefur sér stað gamalkunnugt þrátt fyrir að umfang þess sé nokkuð framandi. FÍS hvetur löggjafann til að falla ekki í þá gryfju að setja nýjar réttarfarreglur til að takast á við bankahrunið. Það síðasta sem þörf er á eru einnota réttarræði sem enginn veit í raun hvert leiða.

Það gengur þvert á grunn hugmyndir um réttarríkið að almennt stjórnvald geti ákveðið hverjum skuli refsa og hverjum ekki fyrir alvarleg lögbrot sem varða m.a. fangelsisrefsingu.

## II. Ábendingar

Í umræddu frumvarpi er lagt til að veita FME frelsi í til að ákveða hvort það tilkynni refsiverð brot eða ekki. Slíkt væri undantekning frá þeirri meginreglu að stjórnvald beri tilkynningarskyldu þegar því verður kunnugt um að refsivert brot hafi verið framið. Hvort að brot sé tilkynnt hefur hins vegar engin áhrif á refsinemi umrædds verknaðar samkvæmt frumvarpinu.

Vert er að gera grein fyrir því í upphafi að brot gegn lögum um fjármálafyrirtæki sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins. Það er því mikilvægt að alvarlegri málum og meiriháttar brotum sé vísað til lögreglu þannig að hægt sé að taka þau til opinberar meðferðar.

Það er meginregla í íslensku sakamálaréttarfari að sérhver refsiverð háttsemi skuli sæta ákæru nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum sbr. 1. mgr. 142. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.<sup>1</sup> Fyrirhuguð lagabreyting leggur til nokkrar breytingar þar á og veitir í raun FME vald til að ákveða hvort að ákært sé fyrir brot eða ekki.

Meginreglan í íslensku sakamálaréttarfari er að ákærvaldið sé í höndum ákærenda sem taka ákvörðun um hvort að ákært sé fyrir brot. Hlutverk þessara ákærenda er að tryggja, í samvinnu við lögreglu, að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmæltum viðurlögum. Ákærendur taka ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákærvalds nema sérstaklega sé kveðið á um það í lögum.

Við meðferð sakamála eru til staðar mildandi úrræði sem taka til þeirra sakborninga sem hafa verið samstarfsfúsir við meðferð mála. Slík úrræði hafa það að markmiði að hvetja brotamenn til að sína samstarfsvilja og eftir atvikum játa brot sín greiðlega. Það er því í raun óþarft að tvítaka slíka reglu eins og lagt er til. Það eru til staðar viðurkennd ákvæði til mildunar og ívilunar við meðferð sakamála sem hafa staðist tímans tönn. Hér þarf því ekki að finna upp hjólið.

Að óbreyttu felur ákvæðið það eitt í sér að stjórnvaldi er heimilað að sniðganga borgaralegar skyldur sínar þegar því er ljóst að framið hefur verið meiriháttar brot á lögum sem m.a. getur varðað fangelsisrefsingu. Eitt stjórnvald mun því geta ákveðið hver er ákærður og hver ekki fyrir mjög alvarleg brot. Slíkt er vissulega óheppilegt og illsamrýmanlegt nútíma hugmyndum um réttarríkið. Í raun er í frumvarpinu lagt til að stjórnvald taki þátt í einhverskonar hylmingu eða hlutdeild með brotamanni sem er vissulega ekki eitthvað sem festa ber í lög.

### III. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt



Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.  
Lögfræðingur Félags íslenskra stórkaupmanna



– fyrir íslenska verslun

<sup>1</sup> Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 21/2008 er það t.d. staðfest að handhafa ákærvalds sé skylt að fylgjast með því að mál þeirra, sem fremji alvarleg refsilagabrot fái meðferð og að ekki sé brotin jafnræðisregla við meðferð mála. Svo framarlega sem að brot á lögum eru ekki tekin undan ákærvaldinu með skýrum hætti hljóti hin almenna ábyrgð ákærvaldsins að haldast til að tryggja að þeir sem fremja afbrot séu beittir lögmæltum viðurlögum.